

ÚRSKURÐUR

Hinn 25. júlí 2020 kom dómstóll Skáksambands Íslands saman í húsakynnum sambandsins að Faxafeni 12, 108 Reykjavík og tók fyrir kærumál nr. 1/2020:

X

gegn

Y

Dóminn skipa:

Bragi Halldórsson, Ólafur Evert Úlfsson og Tómas Veigar Sigurðarson.

Gögn málsins liggja fyrir en þau eru:

Nr. 1 Kæra sem barst með tölvupósti 26. júní 2020 ásamt fylgiskjöllum í pdf. formi númeruðum 1-7. Þau eru:

- (1) Umboð kæranda, X, til Tómasar H. Sveinssonar hrl., dags. 25. júní 2020.
- (2) Skýrsla skákstjórans Jons Olavs Fivelstad til Skáksambands Íslands, dags. 24. júní 2020.
- (3) Tölvubréf skákstjórans Jons Olavs Fivelstad til Y, dags. 20. júní 2020.
- (4) Skýrsla X til mótshaldara og skákstjóra, dags. 20. júní 2020.
- (5) Yfirlýsing þriggja vitna, dags. 26. júní 2020.
- (6) Siðareglur FIDE, 8. kafli handbókar FIDE.
- (7) Lög Íþróttasambands Íslands, síðast útgefin 2019.

Nr. 2 Andmæli kærða, Y, sem bárust með tölvupósti 5. júlí 2020.

I. Málsmeðferð og og kröfur aðila

Hinn 26. júní 2020 barst dómstólnum kæra frá Tómasi Hrafni Sveinssyni hrl. fyrir hönd X (kærandi) á hendur Y (kærði). Kæran sneri að því að kærði hefði í kjölfar 6. umferðar fyrsta móts Brim-mótaraðarinnar sýnt af sér óíþróttamannslega hegðun ásamt því að brjóta á hagsmunum kæranda en þeir áttu að tefla í þeirri umferð. Krafðist kærandi þess að kærði verði úrskurðaður í 6 mánaða keppnisbann á öllum skákmótum sem lögsaga dómstóls Skáksambands Íslands nær til, en til vara er þess krafist að honum verði veitt áminning og reisir hann kröfur sínar á 13. gr. laga Skáksambands Íslands.

Dómstólnum barst greinargerð kærða með tölvupósti hinn 5. júlí 2020 en þar krafðist hann þess að kærinni verði vísað frá dómstólnum en til vara að kröfum kæranda verði hafnað. Vísar kærði til þess að kæruefnið snúi að „framkvæmd skákmóts“ í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um skákdómstól Skáksambands Íslands auk þess sem það lúti að einni tiltekinni skák og því hafi verið um að ræða „einstaka skák“ í skilningi málsgreinarinnar. Því telur kærði að kærufrestur hafi verið einn sólarhringur og því beri að vísa þeim hluta málsins sem snýr að því sem átti sér stað á skákstað frá dómnum.

Í greinargerðinni er einnig gerð krafa um að „skákdómstóllinn staðfesti túlkun TRinga“ varðandi það að þeir atburðir sem áttu sér stað í Elliðaárdal sé utan lögsögu dómstólsins. Varðandi þetta atriði skiptir nokkru máli hvort um er að ræða eina samfellda atburðarás eða tvö aðskilin atvik.

Bæði kærði og kærandi skipta málavaxtalýsingum sínum í tvennt, annars vegar varðandi það atvik sem átti sér stað inni á skákstað í tengslum við skák þeirra í 6. umferð fyrsta móts Brim mótaráðarinnar, en hins vegar varðandi það atvik sem átti sér stað í Elliðaárdal síðar sama dag, eða að kvöldi 20. júní.

Dómurinn telur að um tvö aðskilin atvik sé að ræða og telur rétt að haga umfjöllun um þau með þeim hætti enda ljóst að töluverður tími leið á milli atvika, annað gerist á skákstað en hitt ekki og svo virðist sem tilviljun ein hafi ráðið því að þeir mættust aftur þetta kvöld í Elliðaárdalnum og var því ekki um beina eftirför eða beint framhald af hinni fyrri atburðarás að ræða. Því má finna stuðning í skýrslu kæranda til skákstjóra dags. 20. júní 2020 (fskj. 4):

Ég fer yfir brúna þar sem aðalinngangurinn í Elliðárdalinn liggur og strax til hægri þar sem er dimmur skógivaxinn stígur og ekki mjög fjölfarinn. Þá verð ég mjög hissa þegar ég sé Y nálgast mig úr gagnstæðri átt. Þetta var mjög sérstök tilviljun en ég hef þó hitt Y tvisvar áður á göngu í Elliðaárdalnum.

Frávísunarkrafa kærða v. atburða í Elliðaárdal

Í 13. gr. laga Skáksambands Íslands segir „Brot á lögum og reglum Skáksambandsins, svo og framkoma sem andstæð er almennu velsæmi og sönnum íþróttanda, eins og að hætta án gildra skýringa í skákmóti, hafa uppi svigurmæli um skákfélaga og annað þessu líkt, getur varðað refsingu annað hvort áminningu eða banni við keppni í einstöku móti eða mótum í tiltekinn tíma“. Snýr álitæfnið að því hvort atvikið í Elliðaárdalnum falli undir gildissvið 13. gr. laga Skáksambands Íslands og þar með lögsögu skákdómstólsins.

Af lestri 13. gr. laga Skáksambands Íslands er ekki ljóst hver ytri mörk ákvæðisins eru með tilliti til þess hvar og í hvaða samhengi hún gildir en hafa verður í huga að um er að ræða refsiakvæði sem ætti að meginstefnu að túlka þröngt. Þá má horfa til sambærilegra ákvæða í siðareglum FIDE (fylgiskjal nr. 6 með kæru), en í grein 2.2.5 segir að aðili gerist brotlegur við siðareglur FIDE ef hann hefur uppi ofbeldisfulla, ógnandi eða aðra óæskilega hegðun á meðan á móti stendur eða í tengslum við það.

Af gögnum málsins má ráða að atburðirnir í Elliðaárdalnum hafi átt sér stað um klukkan 19:00, eða rúmlega klukkutíma hið minnsta eftir að skák keppenda hafði lokið með því að kæranda var dæmdur sigur eftir hálf tíma fjarveru kærða. Það er mat dómsins að það að skákmenn rekist hvor á annan utan skákstaðar og eigi í útistöðum sé eitt og sér ekki nóg til þess að háttsemin falli undir valdssvið skákdómstólsins. Háttsemin þarf að vera með einum eða öðrum hætti í beinum sannanlegum tengslum við skákmót hér á landi eða í öðrum tengslum við starf Skáksambands Íslands, hvers reglum dómstóllinn fylgir, eða aðildarfélaga þess.

Dómstóllinn telur að atburðarásin í Elliðaárdalnum falli utan valdssviðs dómstólsins með tilliti til 13. gr. laga Skáksambands Íslands og er þeim hluta kærunnar því vísað frá dómi sbr. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar Skáksambands Íslands um skákdómstól.

Frávísunarkrafa kærða v. atburða á skákstað

Kærði krefst þess að vísað verði frá dómi þeim kærutriðum sem snúa að háttsemi hans á skákstað, enda lúti kæran að „framkvæmd skákmóts“ í skilningi 1. mgr. 4. gr. reglugerðar um skákdómstólinn. Kæruefnið lúti skýrlega að einni tiltekinni skák og því um að ræða „einstaka skák“ í skilningi málsgreinarinnar. Af þeim sökum hafi kærufrestur verið einn sólarhringur og kærufrestur því liðinn.

Dómurinn telur að kærandi hafi réttilega heimfært háttsemina á 13. gr. laga Skáksambands Íslands og að ekki sé um að ræða kæru vegna „framkvæmd skákmóts“ eins og kærði heldur fram enda gerir kærandi ekki athugasemdir við framkvæmd mótsins. Kæran lýsir framkomu sem er andstæð almennu velsæmi og sönnum íþróttanda og því er frávísunarkröfu kærða vegna þessa hluta kærunnar hafnað.

Aðrar kröfur kærða

Kærði gerir einnig eftirfarandi kröfur: 1) Að skákdómstóllinn álykti um að frávísun hans úr mótinu án andmælaréttar hafi verið röng. 2) Málsgögnin verði ekki birt með dómi Skákdómstólsins. 3) Að skákdómstóllinn úrskurði um að orðbragð kæranda í sinn garð sé brot á reglum og hann hafi sýnt af sér óíþróttamannslega framkomu.

Vilji kærði að fjallað sé um frávísun hans úr mótinu eða að kæranda sé gerð refsing fyrir sína framkomu, verður hann að gera það í sjálfstæðri kæru til dómstólsins, sbr. 3. gr. reglugerðar um skákdómstól og verður því ekki fjallað frekar um þessar kröfur. Málsgögnin verða venju samkvæmt ekki birt með úrskurði Skákdómstólsins.

II. Málavextir v. atburða á skákstað

Í kæru er vísað í skýrslu Jons Olavs Fivelstad skákstjóra varðandi málavexti um atburðarásina á skákstað. Hann lýsir atburðum þannig að kærði hafi mætt 4-5 mínútum of seint í 6. umferð þar sem hann átti að tefla við kæranda. Þá hefur hann eftir kæranda að kærði hafi komið að borðinu, ekki heilsað og því næst dregið taflborðið að sér. Kærandi hafi dregið það til baka og þá hafi kærði dregið borðið aftur til sín. Þeir hafi orðið ásáttir við að stöðva klukkuna og kalla á skákstjóra. Þegar skákstjóri kom að borðinu taldi hann það 2-3 cm nær kæranda og hafi fært það að miðju og látið klukkuna aftur af stað. Þá hafi hann tekið eftir því að kærði stóð við hlið kæranda og hafi horft ógnandi niður á hann. Orðaskipti hafi átt sér stað milli þeirra sem erfitt var að henda reiður á en orð sem féllu hafi ekki verið vinsamleg og hafi þetta truflað aðra keppendur. Kærði hafi í kjölfarið gripið tösku sína og yfirgefið skákstaðinn. Skákstjóri ákvað að láta klukkuna ganga áfram á kærða þrátt fyrir að hann hafi yfirgefið skákstað eftir að skák hófst en kærandi gerði ekki athugasemdir við þessa ákvörðun.

Um það bil 10 mínútum síðar hafi kærði komið aftur í skáksalinn, truflað mótshaldið með háreysti og talið á sér svindlað. Hann hafi krafist þess að klukkan yrði stillt að nýju og skákinni haldið áfram ellegar muni hann ekki tefla áfram. Þá benti hann á að taflborðið væri ekki í miðjunni og telur skákstjóri eftir mælingu að þar muni um 5 mm sem skákstjóri lagaði. Kærði sakaði kæranda um að færa borðið og var svo tjáð að ekki yrði fallist á kröfu hans um endurstillingu klukkunnar og gekk hann því úr skáksal og kom ekki aftur.

Skákstjórinn taldi kærða hafa sýnt af sér óíþróttamannslega framkomu með því að saka andstæðing sinn um svindl, að sýna andstæðingi sínum, öðrum keppendum og mótshaldara óvirðingu með háreysti í skáksal

og með því að hafa uppi svigurmæli um andstæðing sinn. Ákvað skákstjóri af þessum sökum að vísa kærða úr mótinu.

Í greinargerð kærða kemur fram að hann telji framangreinda lýsingu skákstjóra á því sem fór fram vera ranga í veigamiklum atriðum. Samkvæmt kærða kom hann tveimur mínútum of seint að skákbörðinu og þá hafi hann séð að borðið var ekki í miðjunni, heldur mun nær kæranda. Hann hafi því næst heilsað kæranda þó ekki með handabandi enda hafi enginn á mótinu gert það og hafi svo gert athugasemd við að skákbörðið væri ekki í miðjunni. Hann hafi þá náð í skákstjóra sem tók sér stöðu fyrir framan borðið þeim megin sem kærandi átti að sitja og hafi þannig staðið í vegi fyrir honum. Kærði hafi því tekið sér stöðu fyrir framan borðið þeim megin sem kærandi sat. Þá hafi kærandi látið ófögur orð um hann falla og þannig sýnt af sér óþróttamannslega hegðun. Þá kannast kærði ekki við að hafa haft svigurmæli um kæranda í skáksal. Kærði telur að kærandi hafi fært borðið nær sér ítrekað og hafi hann gert það eftir að skákstjóri færði það að miðju, sem olli því að kærði þurfti að leita oftast en einu sinni til skákstjóra til þess að fá það leiðrétt. Kærði gerði kröfu um að fá tímann sem leið til baka, enda ætti sá sem dró skákbörðið til sín ekki að hagnast á því í formi meiri umhugsunartíma. Þegar þeirri beðni var neitað taldi kærði að best væri að halda heim á leið og tefla ekki skákina og tilkynnti skákstjóra um þá ákvörðun. Uppgefnar ástæður voru þær að kærandi hafi haft um hann gróf svigurmæli fyrir framan skákstjóra, að kærandi hafi ítrekað dregið skákbörðið til sín auk þess að hann taldi kæranda hagnast á því að hafa fært borðið ítrekað nær sér.

III. Niðurstaða

Nokkuð ber á milli í frásögn kæranda og kærða um það hvað átti sér stað á skákstað og stendur þar orð gegn orði. Verður því að leggja til grundvallar lýsingu skákstjóra á því sem fór fram þar sem því verður við komið. Fallist er á með kærða að lýsing skákstjóra og kæranda fari ekki að fullu saman, t.d um hvenær kærði á að hafa staðið yfir kæranda sem og hvort kærandi hafi sagt eitthvað við kærða eða ekki. Þá verður ekki annað séð en að það sem kemur fram í greinargerð kærða um að kærandi hafi dregið skákbörðið ítrekað til sín fái nokkra stoð í því sem fram kemur í skýrslu skákstjóra. Í bæði þau skipti sem skákstjóri mælir stöðu borðsins er það nær kæranda sem bendir til þess að sá síðasti til að hreyfa borðið í þau skipti sem skákstjóri var kallaður til hafi verið kærandi.

Samkvæmt skýrslu skákstjóra tók kærði sér stöðu við hlið kæranda og stóð ógnandi yfir honum. Kæranda og skákstjóra ber ekki saman um hvenær þetta átti sér stað, en ljóst er að háttsemin átti sér stað á skákstað og á meðan skákin átti að fara fram. Skákstjóri taldi kærða hafa verið ógnandi við kæranda og þeir hafi skipst á orðum og rómurinn hafi ekki verið vinsamlegur. Þá segir skákstjóri í skýrslu sinni að kærði hafi sakað kæranda um svindl án þess að hafa fyrir því nokkur rök auk þess að vera með háreysti í skáksal sem truflaði aðra skákmenn.

Dómstóllinn telur þrátt fyrir neitun kærða sé ekki hægt að hreyfa við mati skákstjóra, sem var á staðnum, á því sem fór fram. Dómstóllinn gengur þar af leiðandi út frá því að kærði hafi í umrætt skipti sýnt af sér óþróttamannslega hegðun, haft háreysti í skáksal auk þess að hafa uppi svigurmæli um andstæðing sinn, líkt og segir í skýrslu skákstjóra.

Kærandi krefst að lágmarki 6 mánaða keppnisbanns og til vara þess að kærði fái áminningu fyrir háttsemi sína. Í 2. mgr. 2. gr. reglugerðar um skákdómstól segir m.a. um úrskurði um viðurlög við brotum á 13. gr. laga um Skáksamband Íslands: Aðilar slíks máls eru annars vegar sá, er kærán beinist gegn, en hins vegar sá, er telur brotið á sér, skákstjóri viðkomandi skákmóts, mótshaldari eða stjórn Skáksambands Íslands.“. Í þessu tilviki virðast yfirdómari hafa metið það sem svo að brottvísun úr mótinu teljist næg refsing fyrir þá háttsemi sem lýst er í skýrslu skákstjóra. Horfa verður til þess að yfirdómari mótsins, Jon Olav Fivelstad,

er FIDE dómari með mikla reynslu af stjórnun skákmóta. Hann komst að þeirri niðurstöðu að vísa kærða úr mótinu fyrir hegðun sína og lét þar við sitja, þegar honum hefði verið í lófa lagið að senda málið áfram til dómstólsins ef hann teldi að keppnisbann væri viðeigandi. Þá telur dómstóllinn einnig að horfa verði til þess að kærða er mikið í mun að hafa skákborðið í miðjunni og kærandi virðist hafa fært það nær sér heldur en kærða, þó ekki hafi miklu munað. Telur dómstóllinn nauðsynlegt að horfa til þessara atriða við mat á viðurlögum vegna þeirrar háttsemi sem lýst var í kæru og skýrslu skákstjóra. Að úrskurða aðila í keppnisbann er þung refsing og að mati dómstólsins óhófleg fyrir ekki meiri sakir, sér í lagi þar sem kærða hefur nú þegar verið gerð refsing í formi brottvísunar úr mótinu.

Með vísan til þess sem að framan er rakið eru ekki efni til að verða við kröfu kæranda um að úrskurða kærða í keppnisbann. Aftur á móti fellst dómstóllinn á varakröfu kæranda þess efnis að kærði verði áminntur fyrir háttsemi sína gagnvart kæranda hinn 20. júní sl. í húsakynnum Taflfélags Reykjavíkur á meðan 6. umferð fyrsta móts Brim-mótaraðarinnar fór fram.

Ú r s k u r ð a r o ð

Y er áminntur fyrir framkomu sem andstæð er almennu velsæmi og sönnum íþróttanda á skákstað.

Kröfum kæranda vegna samskipta málsaðila utan skákstaðar er vísað frá dómstólnum.

Ólafur Evert Úlfsson

Bragi Halldórsson

Tómas Veigar Sigurðarson